

Nd.

120. Frumvarp

til laga um fiskimat.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Allur verkaður og óverkaður saltfiskur, sem út er fluttur héðan af landi sem íslenskur fiskur, skal metinn og flokkaður eftir gæðum af fiskimatsmönnum, undir umsjón yfirfiskimatsmanns.

Undanskildar eru þó smásendingar, 100 kg. eða minni, sem sendar eru í tilraunaskyni eða að gjöf.

Saltfisk, sem veiðiskip flytja sjálf til útlanda, er eigi skylt að meta, enda hafi fiskurinn eigi verið lagður hér á land.

Áður en verkaður eða óverkaður saltfiskur gengur kaupum og sölum innanlands, skal meta hann og flokka eftir gæðum, ef hann er ætlaður til útflutnings. Matsmenn skera úr, hvenær óverkaður saltfiskur er matshæfur.

Yfirmatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun, hleðslu og meðferð fiskjarins í útflutningsskipunum og gefa fyrirskipanir hér að lútandi, sem þeim er skylt að hlýða, sem hlut eiga að máli.

Hverri matsskyldri fisksendingu til útlanda skal fylgja vottorð yfirfiskimatsmanns, ritað aftan á farmskirteinið.

Fyllri fyrirmæli um mat og meðferð vörunnar, bæði við útflutning og í útflutningsskipunum, skulu sett í erindisbréf og reglugerð, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefur út.

2. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið skipar yfirmatsmennina og gefur þeim erindisbréf. Skulu þeir hafa aflað sér þekkingar á fiskimati, verkun og meðferð fiskjar, annaðhvort með því að hafa starfað sem fiskimatsmenn eða á annan hátt.

Þeir skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru viðvikjandi starfi þeirra, og með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á þeim hvila í stöðu þeirra.

Til þess að tryggja sem bezt samræmi fiskimatsins í hinum ýmsu landsfjórðungum, er svo ákveðið fyrst um sinn, að fiskifulltrúi Íslands á Spáni og Ítalíu veiti yfirfiskimatsmönnum aðstoð sína og haldi fundi með þeim árlega, á þeim tíma, er hagkvæmast þykir.

Verði ágreiningur um einhver atriði, er máli skipta, milli þeirra, sker atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið úr þeim ágreiningi, að fengnum tillögum forseta Fiskifélags Íslands og fulltrúa sjávarútvegsnefnda Alþingis, sem þær kjósa á þingi hverju til eins árs í senn.

Fundarsamþykktir þessar og úrskurðir skulu gilda jafnt reglugerð, enda hafi ráðherra samþykkt.

3. gr.

Yfirfiskimatsmenn eru launaðir úr rikissjóði samkv. lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, og skulu vera þessir:

1. Yfirfiskimatsmaðurinn í Reykjavík. Umdæmi hans skal ná yfir svæðið austan frá Þjórsá vestur að Öndverðarnesi.
2. Yfirfiskimatsmaðurinn á Ísafirði. Umdæmi hans skal ná yfir svæðið frá Öndverðarnesi norður til Reykjarfjarðar í Strandasýslu.
3. Yfirfiskimatsmaðurinn á Akureyri. Umdæmi hans skal ná yfir svæðið frá og með Reykjarfirði austur að Langanesi

4. Yfirfiskimatsmaðurinn á Seyðisfirði. Umdæmi hans skal ná norðan frá Langanesi suður að Hornafirði, að þeim firði meðtöldum.
5. Yfirfiskimatsmaðurinn í Vestmannaeyjum. Umdæmi hans er Vestmannaeyjar og Vík í Mýrdal.

Tölu fiskimatsmanna má auka með fjárveitingu í fjárlögum, og verður þá gerð nauðsynleg breyting á umdæmum þeirra með konungsúrskurði.

4. gr.

Fiskimatsmenn skipar lögreglustjóri á hverjum fiskútflutningsstað, svo marga sem yfirfiskimatsmaðurinn telur þurfa og eftir tillögum hans. Þeir skulu, áður en þeir taka til starfa, rita undir eiðstaf, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið fyrirskipar.

5. gr.

Þegar yfirfiskimatsmaður tekst ferð á hendur út fyrir lögsagnarumdæmi það, sem hann er búsettur í, til þess að annast fiskimatsstörf í þarfir einhvers útflytjanda, skal útflytjandi greiða honum ferðakostnað og fæðispeninga fyrir þann tíma, sem hann nauðsynlega þarf að vera að heiman í þeim erindum, hvorttveggja eftir reikningi, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið úrskurðar, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sér saman.

Kaup fiskimatsmanna fyrir starf þeirra við fiskimat greiði eigendur fiskjarins þeim, eftir því sem nánar verður ákveðið í erindisbréfum fiskimatsmanna.

6. gr.

Yfirfiskimatsmenn mega ekki taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá skipstjórum á útflutningsskipum eða öðrum, sem við skipin eru riðnir, annari en borgun þeirri, sem ákveðin er í lögum eða erindisbréfi þeirra.

Þeir mega ekki reka neinn sjálfstæðan atvinnuveg, sem lýtur að fiskverzlun, né heldur vera í þjónustu þeirra, er láta meta fisk til útflutnings eða hafa á hendi umboðssölu eða kaup á fiski.

7. gr.

Yfirfiskimatsmennirnir skulu skyldir að ferðast um í umdæmi sínu og utan þess, til þess að leiðbeina í fiskimeðferð og fiskimati, líta eftir hvorutveggja og kynnast því sem bezt. Þeir hafa heimild til þess að banna fisksöltun úr salti, sem þeir álita ónothæft.

Á ferðum í þágu matsins, öðrum en þeim, er um getur í 5. gr., fá þeir ferðakostnað greiddan úr rikissjóði, eftir reikningi, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið úrskurðar.

Á sama hátt fá þeir greiddan úr rikissjóði nauðsynlegan kostnað vegna tilrauna með nýjar eða bættar verkunaraðferðir, rannsóknir á salti, geymsluþoli fiskjar og öðrum tilraunum, er lúta að auknu verðmæti hans.

Þeir fá einnig greiddan úr rikissjóði nauðsynlegan símakostnað vegna fiskimatsstarfa.

8. gr.

Sá, sem flytur eða lætur flytja út saltfisk án þess að láta meta hann eða fá matsvottorð um hann, sæti 500 til 10000 króna sektum í rikissjóð. Ef um ítrekað brot er að ræða, má hámarkssekt vera allt að 20000 kr.

Um mál út af brotum þessum fer sem um almenn lögreglumál.

9. gr.

Sannist þær misfellur á vottorði yfirfiskimatsmanns, er álíta verður að stafi af vítaverðu gáleysi eða vanrækslu, ber hann ábyrgð á tjóni því, er þar af leiðir. Auk þess getur ráðuneytið svipt hann stöðu sinni fyrirvaralaust. Þó telst hann sýkn saka, geti hann sannað, að einhverjir af undirmönnum hans eigi sök á misfellunum. Bera þá hinir seku undirmatsmenn ábyrgðina af tjóninu. Auk ábyrgðarinnar má þá og svipta þá stöðu sinni fyrirvaralaust.

Um hegningu fyrir brot yfirfiskimatsmanna og fiskimatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer að öðru leyti eftir hinum almennu hegningarlögum.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 18, frá 19. júní 1922, um fiskimat.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ráðuneytið hefir með bréfi dags. 22. þ. m. farið þess á leit, að sjávarútvegsnefnd flytti framanskráð frv. Er það að allri uppistöðu eins og hin stjórnskipaða nefnd hefir frá því gengið. Þó eru nokkrar breytingar á því gerðar eftir tillögum fiskifulltrúans og fiskiyfirmatsmanna, en frá hvorutveggja höfum við vikið í örfáum tilfellum.

Rétt þykir að láta greinargerð millipinganevndarinnar fylgja frv., þótt í nokkrum minni háttar atriðum hafi verið frá tillögum hennar vikið, eins og áður segir.

Fylgiskjal.

Greinargerð

nefndar þeirrar, er skipuð var af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu með bréfi dags. 23. sept. 1929, til þess að athuga og gera tillögur og breytingar á lögum um fiskimat og erindisbréf yfir- og undirfiskimatsmanna.

Nefndin hefir átt marga fundi með sér og leitast við að gera sér sem bezta grein fyrir starfi sínu og þeim atriðum, er máli skipta um fiskimatið og framkvæmd þess.

Samkvæmt tillögu forseta Fiskifélags Íslands hélt nefndin enga fundi á tímabilinu frá $1\frac{8}{11}$ '29 til $\frac{2}{12}$ '30, sökum þess að nauðsynlegt þótti að kynna sér þau nýmæli, er kynnu að koma fram í tillögum hliðstæðrar nefndar í Noregi, er þá var ekki búin að ljúka störfum.

Skýrsla þeirrar nefndar barst ekki hingað fyrr en í aprilmán. 1930. Eftir að skýrsla þessi var hingað komin, tók nefndin þegar aftur til starfa.

Á síðustu áratugum hafa Íslendingar lagt mikla áherzlu á að auka gæði framleiðsluvöru sinnar.

Hefir oss orðið allmikið ágengt í þeim efnum, og að því er snertir fiskinn mun ekki ofmælt, að íslenzkur fiskur sé nú allviða talinn betri en annara þjóða fiskur, og mun yfirleitt mega fullyrða, að íslenzki fiskurinn sé að vinna á í samkeppninni við annara þjóða fisk.

Að sjálfsögðu hafa þau lagafyrirmæli, sem sett hafa verið um meðferð og mat fiskjar, komið að góðu liði. Hitt mun þó meiru um valda, að Íslendingum, og þá eigi sízt hinum stærri fiskframleiðendum, hefir verið vel ljóst, hve stórvægilega þýðingu vöruvöndun hefir fyrir fjárhagslega afkomu þjóðarinnar.

En þótt þessu sé nú þann veg farið, er þó engan veginn svo að skilja, að vér höfum nú þegar náð því marki, er að ber að keppa, og skortir enn mikið á, að meðferð fiskjar sé svo góð sem skyldi, eða fiskimatið svo öruggt sem nauðsynlegt er. Eru þess því miður allt of mörg dæmi, að óvandað mat hefir bakað fiskkaupendum, einkum íslenzkum fiskútflytjendum, stórtjón, og hafa gallar á matinu stundum verið þess eðlis og svo veigamiklir, að vart verður öðru um kennt en vítaverðu gáleysi eða sviksemi, og verður því, því miður, ekki neitað, að svo virðist, sem meiri brögð séu að þessu síðustu árin. Er slíkt því hættulegra, sem af því stafar mikil hætta á því, að Íslendingar missi þau hlunnindi í fiskverzluninni, sem þeir hafa öðlazzt á löngum tíma með mikilli fyrirhöfn, þ. e. a. s. að geta fengið andvirði fiskjarins greitt gegn vigtar- og matsvottorðum íslenzkra matsmanna — og hafa slík vottorð verið talin sönnun um gæði og vigt fiskjarins.

En skaðvænlegust eru þó áhrifin af óvönduðu mati, ef af því leiðir, að ísl. fiskurinn missir það álit, sem hann smátt og smátt hefir unnið sér á erlendum markaði. Því svo nauðsynlegt sem það er að standa a. m. k. jafnfætis keppinautunum um vörugæði, þá er þó sú nauðsyn brýnust, ef um ræðir vöru, sem framleidd er í rikari mæli en eftirspurnin krefur, svo sem er um saltfiskinn. — Þegar svo stendur á, fer oft svo, að hin lakari varan er beinlínis óseljanleg, og er auðsætt, hversu vér Íslendingar stæðum, ef svo færi um fisk vörn.

Nefndin hefir því gengið að starfi sínu með fullum skilningi þess, að á miklu riður fyrir Íslendinga að dragast ekki aftur úr í samkeppninni við aðrar fiskframleiðsluþjóðir, en í þeim efnum veltur mest á því, að vér herðum á, en slökum til í engu um kröfurnar til vörugæðanna, en gætum þess jafnframt að baka ekki framleiðendum óþörf útgjöld, svo framleiðslukostnaðurinn fari ekki úr hófi fram.

Nefndin hefir rætt allmikið um, með hverjum hætti þessu marki verði bezt náð, og þá einkum um það, hvort nauðsynlegt mundi að lögfesta fyrirsmæli um meðferð fiskjar áður en hann kemur til mats, svo sem blóðgun, söltun, flutning úr skipi, þvott, þurrkun o. fl. Að gaumgæfilega athuguðu máli hefir þó nefndin ekki séð ástæðu til þess að leggja þetta til, enda mundi framkvæmd slíkra fyrirsmæla baka framleiðendum allverulegan kostnað, og mikil vandræði mundu á tryggu eftirliti með framkvæmd þeirra. Hitt telur nefndin líklegt, og hefir samið fyrirsmæli þar um, að matsmenn geti með leiðbeiningarstarfsemi haft áhrif á alla meðferð fiskjarins.

Nefndin hefir því komizt að þeirri endanlegri niðurstöðu, að tryggja megi vörugæðin með sjálfu fiskimatinu, og hefir því lagt höfuðáherzlu á að samræma eldri fyrirsmæli og skapa nýsmæli, er að því miði að skerpa fiskimat-ið, en þó reynt að gæta hófs um, að framleiðendum séu eigi að óþörfu bökuð útgjöld.

Með breytingum á fiskimatslögunum frá 1922, og þó einkum með breytingum á erindisbréfi yfir- og undirfiskimatsmanna frá samæ ári, hefir nefndin reynt að skapa samfelld fyrirsmæli um allt það, er lýtur að fiskimati og allri meðferð fiskjar, frá því hann kemur til mats og þar til hann er kominn i lestar-rúm á útflutningsskipi. Telur nefndin, að strangt og réttlátt mat sé framleiðendum nægjanlegt aðhald til vöruvöndunar og þykist þess örugg, að Íslendingar fái haldið velli, og þó raunar unnið á, ef vel er framfylgt þeim fyrirsmælum, sem hún ber fram.

Meðal þeirra breytinga, er nefndin leggur til að gerðar séu á matslögunum frá 1922, munu framleiðendur telja þá helzta, að nefndin vill, að allur is-lenzkur fiskur, er út er fluttur, jafnt verkaður sem óverkaður, sé matssskyldur, með þeirri einni undantekningu, að matssskyldan nái ekki til þess fiskjar, er veiðiskipin sjálf flytja út, enda hafi hann ekki verið lagður hér á land, en i gildandi lögum nær matssskyldan aðeins til verkaðs fiskjar. Útflutningur óverk-aðs fiskjar hefir farið i vöxt, og enda þótt það skuli viðurkennt, að nokkuð gegni öðru máli um óverkaðan fisk, m. a. að erfiðara er að meta óverkaðan fisk, þá telur þó nefndin rétt, að hann sé matssskyldur, því bæði girðir matið fyrir, að óhæf vara verði flutt út, og eins er hægara að fá fiskinn greiddan gegn mats- og vigtarvottorðum heldur en vigtarvottorðum einum, en að því ber að stíla, að fiskverzlunin öll sé rekin á þeim greiðslugrundvelli.

Ýmsar aðrar breytingar vill nefndin gera á lögunum, og miða þær allar að því, að ákvæði þau, er nefndin vill setja i erindisbréf fiskimatsmanna og ætluð eru til að skerpa matið, rúmist innan ramma laganna.

Nefndin hefir með ýmsum hætti ætlað að tryggja, að mat verði sem ör-uggastur mælikvarði á gæði fiskjarins, og skal hér drepið á höfuðdrættina:

Nefndin er sammála um það, að nauðsynlegt sé, að matsmenn öðlist sem haldbezta þekkingu á starfi sinu, og jafnframt að haft sé stöðugt eftirlit með því, að matsmenn vinni verk sín með alúð og samvizkusemi. Einnig hefir

nefndin talið nauðsynlegt, að kveðið sé á um úrskurðarvald, ef deilur rísa um fiskimatið. Innan nefndarinnar var sú skoðun rik, að þessu mundi bezt náð með því að skipa matsstjóra, er væri æðsti maður þeirra mála um land allt, en hinar 5 yfirfiskimatsstöður, sem nú eru, héldust þá áfram. Nefndin var þó eigi á einu máli um þessa skipun málsins, og var því til samkomulags hnigið að því ráði, að stíga aðeins byrjunarspor á þessari braut, með því að mæla svo fyrir, að fiskerindreki Íslands í Suðurlöndum skuli koma til Íslands a. m. k. einu sinni á ári og halda fund með yfirfiskimatsmönnum, til þess að ræða um þær nýlundur, er á hverjum tíma eru efst á baugi, og taka ákvarðanir um, hvort eða hverjar breytingar þyki þurfa að gera á meðferð fiskjar eða matinu. Er yfirfiskimatsmönnum síðan ætlað að ferðast um umdæmi sín og fræða undirfiskimatsmenn um málið, og jafnframt hafa gætur á, að þeir vinni verk sín trúlega.

Það sýnist ekki vafa undirorpið, að óhætt muni að bæta þessu starfi á fiskerindrekann, og hitt má telja mjög líklegt, að hann vegna stöðu sinnar standi mjög vel að vígi til að kynnast þeim kröfum, sem fiskinnflytjendur og fiskneytendur á hverjum tíma gera til verkunar og gæða fiskjarins, og með því að erindrekin alltaf hlýtur að standa í nokkru sambandi við yfirfiskimatsmennina, má ætla, að góð samvinna geti tekizt þeirra á milli. Telur nefndin því líklegt, að á þennan hátt sé að því unnið að laga og samræma matið.

Nefndinni er ljóst, að vel getur komið fyrir, að ágreiningur rísi um fiskimatið milli yfirfiskimatsmanna og fiskerindreka eða milli yfirfiskimatsmanna innbyrðis, og ætlast nefndin þá til, að ráðherra felli úrskurð, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Félags isl. botnvörpuskipaeigenda.

Þá hefir nefndin talið rétt að skerpa hegningarákvæðin í 8. gr. laganna, fyrir brot á lögnum, og auk þess að setja ný refsíákvæði fyrir vítaverða vanrækslu eða sviksamlegt athæfi fiskimatsmanna, þannig, að ef sannast, að verulegar misfellur eru á vigtar- og matsvottorðum, sem ekki verða taldar stafa af vangá, þá ber matsmaður ábyrgð á afleiðingum, en auk þess liggur stöðumissir við.

Telur nefndin, að slík refsíákvæði muni reynast allöruggur spori á fiskimatsmenn, að þeir inni skyldu sína af hendi með trúmennsku.

Eins og að framan getur, hafa vítaverðar misfellur á matsvottorðum verið alltiðar á síðustu árum, en oftast hefir reynzt talsverðum vandkvæðum bundið að finna sökudólginn, vegna þess, að í sama farmi er venjulega fiskur frá mörgum framleiðendum, og er þá venjan, að fiskur sömu tegundar sé merktur sama merki, án tillits til, frá hverjum hann er. Úr þessu vill nefndin bæta með því að lögskipa, að auk venjulegra merkja skuli hver fiskpakki eða fiskkassi hafa sérmerki, er sýni, frá hverjum hann er, og er þá hægurinn hjá að finna sökudólginn, þegar svik eru í tafli.

Ýms eldri fyrirmæli hefir nefndin fært til betra samræmis og að öðru leyti gert minni háttar breytingar á lögnum og erindisbréfunum, eftir því, sem við átti, og er svo til ætlast, að erindisbréf yfirfiskimatsmanna geti skoðast sem reglugerð um fiskimatið.

Nefndin hefir af ásettu ráði forðast að binda hendur yfirfiskimats-

manna um of með alveg föstum og ákveðnum fyrirælum um sjálft matið. Slik fyriræli mundu ekki hafa varanlegt gildi, því matið á að taka breytingum eftir kröfum neytenda á hverjum tíma, og ætlast nefndin til, að yfirfiskimatsmenn hafi sjálfræði í þessum efnum með þeim takmörkunum, sem fyrir greinir.

Nefndin vill að endingu geta þess, að hún telur mikla nauðsyn á því, að gerðar séu margvíslegar rannsóknir, er að því lúta, hvað hagkvæmast sé í ýmsu því, er snertir verkun og geymslu fiskjar, saltnotkun o. fl. Nefndin hefir ekki séð sér fært að setja nein fyriræli um þetta í matslögin, en væntir þess, að ekki verði lengi látið undir höfuð leggjast, að hið opinbera eigi frumkvæði að slíkum rannsóknum.